

Múlaþing
Lyngási 12,
700 Egilsstaðir

Garðabær, 22. september 2023
Málsnúmer: 202308-0030
SS/RT

Efni: Umsögn um framkvæmdaleyfi um lagnaframkvæmdir í Múlaþingi.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 28. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaðar lagnaframkvæmdir HEF veitna ehf. þar sem stefnt er að því að leggja stofn- og dreifilagnir frá Egilsstöðum að Eiðavatni.

Erindinu fylgja teikningasett en ekki greinargerð um framkvæmdina og upplýsingar um forsendur, um framkvæmdalýsingu og um mat á umhverfisáhrifum hennar vantar því á þessu stigi. Óljóst er hver staðan er varðandi skipulagsstöðu framkvæmdarinnar og framkvæmdin er einnig tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar skv. 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Náttúrufræðistofnun væntir því þess að fá beiðnir um að veita formlegar umsagnir um framkvæmdina í tengslum við skipulag og mat á umhverfisáhrifum. Þakkað er fyrir tækifærið að veita umsögn snemma á undirbúningsstigi.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að fyrirhuguð lagning stofn- og dreifilagna milli Egilsstaða og Eiðavatns eins og hún er framsett í teiknisetti HEF veitna ehf. mun valda umfangsmiklu raski á lítt ósnortnu votlendi og þar með búsvæðum fugla m.a. að hluta til innan svæðis sem skilgreint er mikilvægt fuglasvæði og sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruinjasrárr vegna verndargildis votlendis og búsvæða fugla.

Stundum fylgir áætluð lagnaleið vegum eða slóðum og/eða liggur um landbúnaðarland eða raskað land, en mjög víða liggur hún um óraskað gróðurlendi jafnvel þótt vegir séu nálægt. Lagnaleiðin liggur að stórum hluta í gegnum óraskað votlendi sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, ákvæði sérstakrar verndar. Í þessu votlendi eru votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi, einkum starungsmýravist og runnamýravist en einnig blautari vistgerðir eins og tjarnarstararflóavist. Einkum á þetta við um syðri hluta og miðbik leiðarinnar sem sýndur er á teikningum 4-10. Mjög sjaldgæf plöntutegund, klumbustör (*Carex buxbaumii*) hefur einnig fundist nálægt lagnaleiðinni. Nyrst á leiðinni, nálægt Eiðavatni, liggur leiðin sums staðar gegnum birkikjarr sem einnig hefur hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun telur óaskilegt að stefna að svo miklu raski á lítt snortnu gróðurlendi með hátt verndargildi, sérstaklega á heillegu votlendi undir sérstakri verndun, og hvetur til þess að línuleiðin sé endurskoðuð á þessum hluta og reynt að leggja hana sem mest í vegstæði.

Þá er hvatt til þess að gerð sé úttekt á fuglalífi á lagnarleiðinni til að fá meiri upplýsingar um þéttleika vaðfugla og annarra varpfugla á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

